

LANDPÓSTURINN

12.árg. 1. tbl. Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391, 125 Reykjavík. ábm.: Sunna Ósk Logadóttir

Sigrún Hauksdóttir
Birtingakvísl 15
110 Reykjavík

Aðalfundur 2000 Með kaffi og kökum!

Hér með boðar stjórn Félags landfræðinga til aðalfundar þann 29. mars næstkomandi í stofu 201 í Odda, Háskóla Íslands, kl. 20:00. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum félagsins, sem birt eru í þessum Landpósti. Nokkrar breytingar eru fyrirsjáanlegar á stjórn félagsins og nú er því tækifæri fyrir nýja félagsmenn að láta til sín taka á vettvangi félagsins, með því að gefa kost á sér í stjórnina. Einnig er fundurinn sjálfsgæður vettvangur fyrir hinn almenna félagan til að koma á framfæri hugmyndum og ábendingum um starfið. Hugmyndaauði núverandi stjórnar fer smátt og smátt þverrandi og því augljós þörf á nýjum kröftum!

Íslensk mannvistarlandfræði við árpúsundamót: Ráðstefna til heiðurs Guðrúnu Ólafsdóttur

Þann 8. apríl stendur Félag landfræðinga fyrir ráðstefnu til heiðurs Guðrúnu Ólafsdóttur sem er landfræðingum að góðu kunn. Guðrún kenndi landafræði við Kennaraskólann og síðar Háskóla Íslands í rúma fjóra áratugi en hefur nú látið af störfum. Með ráðstefnunni vill Félag landfræðinga þakka Guðrúnu framlag hennar til kennslu og rannsókna í mannvistarlandfræði og um leið sýna og ræða fjölbreytt viðfangsefni landfræðinga á þessu sviði.

Ráðstefnan verður haldin á Kornhlöðuloftinu (Lækjarbrekku) í Reykjavík 8. apríl og hefst kl. 9:30. Ráðstefnugjald er kr. 2.000,- og er kaffi og hádegisverður innifalið. Í lok dagskrár verður móttaka í boði Félags landfræðinga. Tilkynna þarf þátttöku til Matthildar Kr. Elmarsdóttur fyrir 30. mars. Hægt er að skrá sig í síma 595-4100 eða með tölvupósti til matta@skipulag.is.

Í ráðstefnusalnum verður hægt að hengja upp veggspjöld. Þeir sem eiga veggspjöld um landfræðileg efni eru hvattir til að hafa samband við Matthildi.

Að lokinni ráðstefnu er stefnt að því að finna skemmtilegan stað til að spjalla saman undir óformlegum kringumstæðum. Þeir sem vilja snæða kvöldverð geti þess við skráningu.

Dagskrá ráðstefnunnar má finna á bakhlið fréttabréfsins.

Lög Félags landfræðinga

1. grein

Félagið heitir FÉLAG LANDFRÆÐINGA. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Markmið félagsins er:

- Að starfa sameiginlega að eflingu fræðigreinarinnar landafræði.
- Að efla samvinnu félagsmanna.
- Að standa vörð um hagsmunamál og réttindi landfræðinga.

3. grein

Félagi getur orðið hver sá, sem lokið hefur háskólaprófi í landafræði frá viðurkenndum háskóla, enda samþykki félagsstjórnin upptöku hans. Sé vafi um prófgráðu umsækjanda skal aðalfundur skera úr um inngöngu hans í félagið. Aukaáðild að félaginu geta þeir fengið sem eru í landafræðinámi á háskólastigi gegn greiðslu á hálfu árgjaldi. Aukafélagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

4. grein

Fullgildur félagi er sá sem greitt hefur félagsgjöld sín til félagsins fyrir næstliðið ár eigi síðar en á aðalfundi félagsins. Nú stendur félagi eigi í skilum á félagsgjöldum, ber þá gjaldkera að tilkynna honum bréflaga um réttindamissi hans í félaginu, verði skuldin eigi greidd innan tveggja mánaða frá dagsetningu bréfsins. Undanþegnir félagsgjöldum eru félagar eldri en 70 ára og félagar við framhaldsnám.

5. grein

Aðalfund skal halda í marsmánuði ár hvert og skal hann boðaður bréflaga með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Fastir liðir á dagskrá aðalfundar skulu vera:

- Skýrsla formanns.
- Að leggja fram endurskoðaða ársreikninga félagsins.
- Að kjósa fimm manna stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna er tvö ár og ganga tveir árlega úr stjórninni. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.
- Að kjósa tvo endurskoðendur.
- Að ákveða félagsgjöld.
- Lagabreytingar.
- Önnur mál.

6. grein

Stjórnin er fulltrúi félagsins út á við, en heimilt er henni eða aðalfundi að fela öðrum að koma fram sem fulltrúi þess í sérstökum tilfellum, ef þurfa þykir. Stjórnin boðar til félagsfundar þegar henni þykir tilefni til og skylt er henni að boða til fundar þegar sjö félagsmenn eða fleiri óska þess.

7. grein

Á fundum félagsins ræður afl atkvæða úrslitum mála. Þó verður lögum þess eigi breytt nema á aðalfundi og því aðeins að 2/3 fundarmanna samþykki breytinguna. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn eigi síðar en 1. febrúar og skulu þær sendar út með aðalfundarboði.

Landfræðifréttir úr Háskóla Íslands

Ýmislegt er að gerast í landfræðikennslu og rannsóknum við Háskóla Íslands þessa mánuðina. Hæst ber ráðningu nýs dósent, Ingibjargar Jónsdóttur, seint á síðasta ári. Ingibjörg lauk BS-prófi frá HÍ árið 1992 og M.Phil.-gráðu 1995 frá Scott Polar Institute í Cambridge í Bretlandi. Undanfarin ár hefur hún unnið að rannsóknum og doktorsritgerð við sömu stofnun. Rannsóknir hennar hafa snúist um hafis við Ísland, bæði hafissögu landsins og ferli hafismyndunar og hefur hún notað sögulegar heimildir og fjarkönnunartækni. Þegar þetta er ritað er Ingibjörg reyndar stödd lengst norður í Ballarhafi, þar sem hún tekur þátt í fjölþjóðlegum leiðangri sem er að rannsaka ísmyndun og dreifingu hafiss.

Af öðrum starfsmannamálum er það að segja að Guðrún Ólafsdóttir, dósent, hætti störfum í febrúarlok, en um þetta er fjallað annars staðar í þessum Landpósti.

Jarð- og landfræðiskor festi nýlega kaup á þremur nýjum og öflugum tölvum til kennslu og rannsókna á sviði landfræðilegra upplýsingakerfa og fjarkönnunar. Kaupin voru fjármögnuð með styrk úr Tækjakaupasjóði HÍ, en því til viðbótar veitti fyrirtækið Opin kerfi rausnarlegan styrk í formi afsláttar. Landsvirkjun veitti einnig fé til kaupanna og fyrirtækið Samsýn veitti leyfi til afnota af Arc/View-hugbúnaði án endurgjalds, en fyrir átti skorin notendaleyfi fyrir Arc/Info-hugbúnaðinn, sem er einn algengasti og öflugasti hugbúnaður sem nú er fánlegur fyrir landfræðileg upplýsingakerfi. Auk þessa hafa nokkur fyrirtæki og stofnanir, þar sem landfræðingar starfa, þegar styrkt eða lokað styrk í formi jaðartækja og gagna til uppbyggingar þessarar aðstöðu. Segja má að Háskóli Íslands sé nú loksins búinn að koma sér upp viðunandi aðstöðu til markvissrar kennslu á þessu ört vaxandi sviði. Einnig nýfast tækin starfsmönnum og framhaldsnemum vel til rannsókna.

Þrír landfræðingar útskrifuðust með BS-próf í febrúar, þær Nína Hrönn Sigurðardóttir, Guðrún Ýr Sigbjörnsdóttir og Svava Björk Þorláksdóttir. Í febrúar lauk Fanney Ósk Gísladóttir enn fremur meistaraþrófi við Jarð- og landfræðiskor, með ritgerð er ber heitið „Umhverfisbreytingar og vindrof sunnan Langjökuls.“ Leiðbeinandi hennar var Guðrún Gísladóttir. Fanney gerði m.a. tilraun til að mæla beint sambengið á milli sandflæðis og vindhraða, sem fáar mælingar eru til um af vettvangi. Athyglisverðar niðurstöður fengust. T.d. má nefna að sandflutningur reyndist mun meiri en haldið hefur verið í sunnanáttum, sem hingað til hafa ekki verið álitnar afdrifaríkar fyrir jarðvegssrof.

Innritun í grunnnám í landfræði gengur ætíð í bylgjum. Haustið 1999 var venju fremur gjöfult að þessu leyti, en þá innrituðust tæplega 30 manns í námið. Þessu til viðbótar hófu meir en 100 manns nám síðastliðið haust á nýrri diplóma-námsbraut í ferðamálafræði til 45 eininga, en þar skipa landfræðinámskeið stóran sess.

MUNIÐ AÐALFUND 29. MARS!

DAGSKRÁ ráðstefnu Félags landfræðinga til heiðurs Guðrúnu M. Ólafsdóttur 8. apríl 2000 á Kornhlöðuloftinu		
9.30-10.00	Skráning	
10.00-10.05	Setning	Formaður Félags landfræðinga
10.05-10.30	„Eitt af skemmtilegustu löndum jarðarinnar“: Staða og horfur á mannvistarvæng landfræðinnar um aldamót.	Karl Benediktsson
10.30-10.50	Framlag landfræðinnar til þverfaglegra rannsókna á búsetusögu Reykholtisdals.	Guðrún Gísladóttir
10.50-11.10	Viðhorf Íslendinga á fyrri öldum til hafíss.	Ingibjörg Jónsdóttir
11.10-11.25 KAFFIHLÉ		
11.25-11.45	Á mörkum hins byggilega heims? Byggðin á Víkum við Borgarfjörð eystri.	Áskell Heiðar Ásgeirsson
11.45-12.05	Að korna skipulagi á landfræðina.	Ásdís Hlökk Theodórsdóttir
12.05-12.25	Búum til betri byggð.	Ingunn Bjarnadóttir
12.25-13.25 MATARHLÉ		
13.25-13.45	Höfuðborgin okkar.	Bjarni Reynarsson
13.45-14.05	Viðhorf íbúa í Árbæ og Breiðholti til hins byggða umhverfis.	Ásta Urbancic
14.05-14.25	Hornstrandir fyrr og nú.	Dagný Sveinbjörnsdóttir
14.25-14.45	Ferðamennska á hálendi Íslands.	Anna Dóra Sæþórsdóttir
14.45-15.00 KAFFIHLÉ		
15.00-15.20	Átök um stöðu og stað á umbrotatímum í Zimbabve – lífsbaráttan frá kynja- og kynslóðasjónarhorni.	Magnfríður Júlíusdóttir
15.20-15.40	Mikilvægi tímalandfræði við rannsóknir á sviði landfræði, heilsufars og sjúkdóma	Sigríður Haraldsdóttir
15.40-16.00 SAMANTEKT: Magnús Guðmundsson		
16.00-16.15 Guðrún M. Ólafsdóttir ávarpar ráðstefnuna		
16.15-- MÓTTAKA Í BOÐI FÉLAGS LANDFRÆÐINGA		
Ráðstefnustjóri Guðríður Þorvarðardóttir.		
Ráðstefnugjald kr. 2000 (kaffi og léttur hádegisverður innifalinn).		